

## LÖG

### um gjald af umboðspóknun og gengismun vegna gjaldeyrisviðskipta.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Bankar og innlánsstofnanir, sem versla með erlendan gjaldeyri, skulu frá og með 1. janúar 1984 greiða ríkissjóði 45% af heildartekjum sínum vegna mismunar sölugengis og kaupgengis gjaldeyris, svo og 45% af þóknun (próvision) þeirri er þeir taka af viðskipta-mönnum sínum fyrir þjónustu við yfirfærslu fjár til útlanda eða aðrar greiðslur erlendis. Þetta gildir jafnt um hvers konar ábyrgðarlaun, innheimtulaun og allar aðrar greiðslur, hverju nafni sem nefnast, fyrir þjónustu þá er hér um ræðir. — Seðlabankinn hefur eftirlit með því að hlutaðeigandi innlánsstofnanir inni gjald þetta af hendi svo sem fyrir er mælt í þessari grein.

Heimilt er fjármálaráðherra að endurgreiða eða fella niður innheimtu á ½ hluta þess 60% gjalds af gengismun og umboðspóknun sem lagt var á gjaldeyrisbankana á árinu 1983 samkvæmt lögum nr. 40/1969.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 40/1969, um umboðspóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna.

*Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Albert Guðmundsson.*

## LÖG

### um Ríkismat sjávarafurða.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

#### 1. gr.

Ríkismat sjávarafurða heyrir undir sjávarútvegsráðherra og lýtur stjórn hans. Hlutverk stofnunarinnar er að stuðla að bættum hráefnis- og vörugæðum með því að hafa eftirlit með og meta allan fisk, sem veiddur er úr sjó, annan en bræðslufisk, svo og eftirlit með meðferð, flutningi, geymslu og vinnslu hans sem og útflutningi fiskafurða. Undanþeginn er þó eiginn afli er fiskiskip flytja á erlendan markað, enda hafi hann ekki verið lagður hér á land. Um slíkan útflutning má þó setja reglur.